

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

“Brettum upp hendur”

Oskar Guðjónsson

Umdæmisstjóri 2009-2010

skari@centrum.is / www.kiwanis.is

Skýrsla umdæmisstjóra til umdæmisstjórnarfundar 16. apríl 2010

Ágætu félagar

Velkomin til umdæmisstjórnarfundar. Hér á eftir mun ég stikla á því helsta sem verið hefur á döfnni síðan við hittumst á síðasta fundi okkar. Starfið hefur aðallega fólgt í því að fylgja eftir þeim málum sem rakin voru í ítarlegri janúarskýrslu minni, en blessunarlega er alltaf eitthvað nýtt á döfnni sem kryddar starfið.

Málefni kjörumdæmisstjóra

Eins og ykkur er kunnugt þá veiktist kjörumdæmisstjóri Geir alvarlega í lok árs, gekkst undir skurðaðgerðir, en er nú á góðum batavegi og kominn heim eftir langa sjúkrahúslegu. Veikindin hafa sett svip á starf umdæmisins, en skv leiðbeiningu laganefndar frá síðasta umdæmisstjórnarfundum og þar til nánari upplýsingar liggja fyrir um starfsendurkomu Geirs, var á símafundi umdæmisstjórnar samþykkt að skipa Sæmund H. Sæmundsson, tímabundið í embætti kjörumdæmisstjóra. Vil ég nota tækifærið og þakka Sæmundi jákvæðar undirtektir við beiðni umdæmisstjórnar og gott samstarf á liðnum vikum.

Fundir og heimsóknir

Frá því í janúar hefur umdæmisstjóri sinnt heimsóknarskyldum eftir megni. Meira en $\frac{3}{4}$ allra klúbba hafa verið heimsóttir og svæðisráðsfundir í öllum svæðum. Fyrirhuguð er heimsókn norður yfir heiðar í lok mánaðarins. Haldnir hafa verið 4 (10) framkvæmdaráðsfundir á tímabilinu. Mál Geirs hefur sett sinn svip á umræðuna en fjölgunar- og skipulagsmál verið í forgrunni. Sæmundur hefur setið fundina, ýmsir nefndarformenn verið kallaðir til skrafs og ráðagerða og frá því í janúar hefur embættismönnum verðandi umdæmisstjórnar verið boðið að sitja fundina.

Fjölgun

Umdæmisfélagar eru nú um 900 og vitað er til frekari fjölgunar í mörgum klúbbum. Vígsludagur Vörðunar hefur ekki verið ákveðinn, en tengist væntanlega stórafmæli móðurklúbbsins Keilis. Kynningarfundur var haldinn í Borgarnesi í febrúar og unnið er að stofnun græðlingsklúbba frá Helgafelli og Kötlu. Fyrirhugaðri fjölgunarráðstefnu hefur verið frestað til hausts.

Svæðaskipting

Í klúbbaheimsóknnum mínum hafa svæðamálin alls staðar verið rædd. Jafnt svæði sem klúbbar hafa lýst sig fylgjandi tillögu B. Á þessum umdæmisstjórnarfundum verður lögð fram tillaga að nýrri svæðaskiptingu. Hljóti hún hljómgrunn verður hún kynnt á þingi í haust, en tekur gildi á starfsárinu 2011-2012.

Hjálmar og K-dagur

Þessi tvö verkefni hafa verið í fókusi þá sem af er árinu og munu verkefnisstjórar þeirra gera nánari grein fyrir þeim. Ég vil hins vegar nota tækifærið og þakka nefndunum fyrir vel unnin störf að okkar stærstu og mikilvægustu landsverkefnum. Hér dugar ekkert hálfkák enda gengið hraustlega og ákveðið til verks.

Evrópumál

Í forföllum kjörumdæmisstjóra og verðandi umdæmisritara Ólafs, sat ég fræðslufund evrópskra embættismanna og umdæmisstjóra 2010-2011 ásamt verðandi umdæmisfóhrið Vigfúsi. Í aprílbyrjun var

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

Evrópuþjórn boðuð til fundar í Varsjá eog til fjölgunarráðstefnu í kjölfarið. Fundinn sóttu einnig Hjördís umdæmisritari og Ragnar Örn verðandi kjörumdæmisstjóri.

Evrópuþing

Rúmlega 20 ferðalangar leggja land undir fót á Evrópuþing til Sikileyjar í lok maí. Ferðamálafrömuðir umdæmisins hafa lagt mikla vinnu í ferð við mjög erfiðar aðstæður. Spurningin var samt aldrei um að leggja árar í bát og efast ég ekki um annað en að ferðin verði glæsileg og ánægjuleg. Þakka ég þeim Bödda og Didda sérstaklega fyrir frábær störf. Enginn Íslendingur er á framboðsbuxum á Ítalíu, enda eflaust fengsælli mið á næstu þingum í Hollandi og Noregi.

Framboðsmál.

Bréf vegna tilnefningar til embættis kjörumdæmisstjóra og staðarvals umdæmisþings var sent klúbbum í lok febrúar. Ánægjulegt er til þess að vita að framboð er þegar komið fram en enginn þingstaðstillaga. Framboðsfrestur rennur út 60 dögum fyrir þing.

Nýtt heimsverkefni

Heimsstjórn KI hefur tekið eftirfarandi þrjár tillögur að nýju Heimsverkefni til lokaskoðunar en tilkynnt verður um valið á heimsþingi í LV í sumar. Umdæmisfélögum var boðið að taka þátt í umræðu um verkefnið og velja það verkefni sem þeim hugnast best.

- 1) Malaria no More **15.2%**
- 2) Neglected Tropical Diseases **5.6%**
- 3) Maternal and Neonatal Tetanus **79.2%**

Styrktarsjóður

Styrktarsjóður umdæmisins brást skjótt og jákvætt við beiðni Kiwanis International um styrk vegna jarðskjálftana á Háiti og reiddi fram \$2000 í janúar.

Eistlandsferð

Umdæmisstjórahljónin verða fararstjórar í ferð 12 ungmenna, 14-18 ára barna íslenskra Kiwanisfélaga í sérstakar Kiwanissumarbúðir í Eistlandi í sumar. Vinna að undirbúningi og skipulagi er hafinn. Ýmsir styrkir fást vegna 70% kostnaðar þátttakenda

Umdæmisþing

Undirbúningur umdæmisþings í Kópavogi 10.-12. sept er komin vel á veg. Og stefnir í gott þing.

Trúnaðarstörf

Umdæmisstjóri hefur þekkt boð um að vera formaður kjörbréfanefndar á heimsþingi í Genf 2011 og hann hefur einnig verið boðið að taka að sér formennsku í fjölgunarnefnd (NCB/Membership) KIEF starfsárið 2010-2011

Ég vil að endingu þakka öllu samstarfsfólki mínu ánægjulega samvinnu og góða viðkyrningu. Það hefur verið sönn ánægja að fá að vinna með ykkur gott fólk að framgangi góðara verka í þágu kjörorða okkar – Hjálpum börnum heimsins!!!

Kiwaniskveðja

Óskar Guðjónsson

Umdæmisstjóri 2009-2010

Kiwanis er alheimssamtök sjálfbodaliða er hafa að



markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna